



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagurinn 24. mars 2020

Ákvörðun nr. 14/2020

## **Undanþága fyrir samstarfi Skeljungs og ODR við dreifingu eldsneytis á afmörkuðum svæðum á landinu**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

Samkeppniseftirlitinu hefur borist beiðni frá Skeljungu hf. um undanþágu frá banni 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 við samstarfi keppinauta. Umrædd beiðni lýtur að því að Skeljungur og ODR geti haft samstarf um dreifingu eldsneytis á afmörkuðum landssvæðum þegar og ef til þess kemur að veikindi eða aðrar takmarkanir af völdum COVID-19 geti hamlað nauðsynlegri dreifingu eldsneytis á eldsneytisstöðvar eða til viðskiptavina. Á þeim landssvæðum þar sem félögin hafi fáa starfsmenn geti þetta reynst nauðsynlegt til þess að tryggja órofinn rekstur.

Skeljungur hafði frumkvæði af umræddri undanþágubeiðni og lagði þetta jafnframt til við ODR. Samkeppniseftirlitið hefur leitað sjónarmiða hjá ODR sem hefur staðfest að mikilvægt sé að samstarf af þessu tagi verði heimilað á tilteknum landssvæðum. Af hálfu félaganna hafa Vestmannaeyjar og Vestfirðir einkum verði nefndir sem landssvæði þar sem samstarf af þessu tagi geti reynst nauðsynlegt.

Af hálfu félaganna hefur komið fram að mögulegt samstarf lúti að verklegri framkvæmd á flutningi eldsneytis frá tanki til smásölu eða annarra viðskiptavina. Jafnframt hefur komið fram af hálfu aðila að engin söfnun eða miðlun upplýsinga myndi eiga sér stað í tengslum við þetta.

### **II.**

#### **Niðurstaða**

Ágreiningslaust er í málinu að umbeðnar aðgerðir falli undir 10. samkeppnislaga og þarfnist því undanþágu í samræmi við 15. gr. sömu laga.

Í 10. gr. samkeppnislaga er lagt bann við hvers konar samkeppnishamlandi samráði fyrirtækja. Um skýringu á þessum bannreglum samkeppnislaga vísast til m.a. ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 11/2015, *Brot Byko ehf. á 10. gr. samkeppnislaga*.

Samkvæmt 15. gr. samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið veitt undanþágu frá ákvæðum 10. og 12. gr. laganna, enda sé sýnt fram á að aðgerðir sem falla undir undanþáguna;



- 1) stuðli að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða eflni tæknilegar og efnahagslegar framfarir,
- 2) veiti neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst,
- 3) leggi ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði náð og
- 4) veiti fyrirtækjunum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða.

Undanþágubeiðendur standa að nær öllu birgðahaldi og dreifingu á eldsneyti á Íslandi. ODR er í eigu N1 (Festi) og Olíuverzlunar Íslands (Haga), en Skeljungur rekur birgðahald og dreifingu sjálfstætt. Fjallað var ítarlega um samkeppnisaðstæður á eldsneytismarkaði í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2015, *Markaðsrannsókn á eldsneytismarkaði – Frummatsskýrsla*, og í ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2019, *Samruni N1 hf. og Festi hf.*, og nr. 9/2019, *Samruni Haga hf., Olíuverzlunar Íslands hf. og DGV ehf.* Undir eðlilegum kringumstæðum er hvers kyns samvinna milli þessara keppinauta afar varhugaverð í samkeppnislegu tilliti, enda gæti slík samvinna skaðað almannahagsmuni til lengri tíma litið.

Það er hins vegar ráðandi fyrir niðurstöðu þessa máls að upp eru komnar fordæmalausar aðstæður vegna þeirrar samfélags- og heilsufarsvár sem stafar af COVID-19. Getur það varðar mikla almannahagsmuni að tryggja framboð á eldsneyti alls staðar á landinu. Jafnframt liggur fyrir, miðað við lýsingar Skeljungs og ODR, að umbeðið samstarf snertir einvörðungu verklega framkvæmd á dreifingu eldsneytis og felur ekki í sér miðlun á samkeppnislega mikilvægum upplýsingum.

Að öllu framangreindu virtu veitir Samkeppniseftirlitið undanþágu fyrir samskiptum og samstarfi Skeljungs og ODR sem felur í sér að fyrirtækin hafi kost á því að aðstoða hvort annað tímabundið við dreifingu eldsneytis á stöðum þar sem erfiðleikar koma upp vegna fámennis, veikinda eða annarra takmarkana sem stafa af COVID-19. Undanþágan er bundin þeim skilyrðum að hvort félag um sig tilnefni tengilið sem hafi samskipti um skipulagningu gagnkvæmrar aðstoðar, meti hvort einstök verkefni séu nauðsynleg og haldi skrá yfir unnin verk og samskipti félaganna.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Í samræmi 15. gr. samkeppnislaga veitir Samkeppniseftirlitið hér með Skeljung hf. og ODR hf. undanþágu fyrir samstarfi sem miðast við það að fyrirtækin getið aðstoðað hvort annað tímabundið við dreifingu eldsneytis á stöðum þar sem erfiðleikar koma upp vegna fámennis, veikinda eða annarra takmarkana sem stafa af COVID-19.**

**Undanþágan er veitt með eftirfarandi skilyrðum sem falla að þeirri lýsingu sem samtökin hafa gefið á aðgerðunum:**

1. **Umrætt samstarf og samskipti á milli fyrirtækjanna skal afmarkað við markmið samstarfsins, líkt og því er lýst í ákvörðun þessari. Þannig tekur**



undanþágan t.d. ekki til samræmingar á verði, þjónustu eða öðru því sem sjálfstæði skal ríkja um á milli keppinauta.

2. Hvor aðili um sig tilnefni tengilið sem annist samskipti félaganna vegna samstarfsins.
3. Tengiliðir félaganna haldi skrá yfir samskipti félaganna sem falla undir undanþáguna og þau dreifingarverkefni sem hvort fyrirtækið vinnur fyrir hitt. Þessar upplýsingar skulu vera aðgengilegar Samkeppniseftirlitinu þegar óskað er eftir.
4. Gæta skal að því að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar, um önnur atriði en undanþágan nær til, berist ekki á milli fyrirtækjanna.

**Undanþágan gildir til 15. maí 2020. Samkeppniseftirlitið getur framlengt undanþáguna ef nauðsyn krefur.**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson